



Sjötti fundur Epsilondeidar haldinn í Tryggvaskála fimmtudaginn 11 apríl. Sérstakir gestir eru Gammasystur.. Fyrir fund eða kl 18:00 hittust Epsilon -og Gammasystur í Skyrlandi þar sem við skoðuðum sögu skyks í Mjólkurbúinu í Mathöll Selfoss. Fyrir skýrsýninguna kom Fjóla Kristinsdóttir bæjarstjóri Árborgar og sagði okkur frá Sveitarfélaginu Árborg, Fjölskyldusviði og skólamálum. Fundur var síðan haldinn í Tryggvaskála kl 19:00.

1. **Fundur settur:** Margrét Guðmundsdóttir varaformaður stýrði þessum fundi í fjarveru formanns okkar, hennar Guðríðar Egilsdóttur en hún var að koma úr aðgerð á hné. Margrét bauð allar velkomnar á fund og þá sérstaklega systur í Gammadeild en þær eru gestir okkar í dag.
 2. **Kveikt á kertum:** Kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
 3. **Nafnakall.** Nafnakall var frá báðum deildum. Eydís Katla sá um þann lið frá Epsilondeild en Hrefna Sigurjónsdóttir frá Gammadeild.
 4. **Fundargerð síðasta fundar:** Guðrún Sigríks ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
 5. **Orð til umhugsunar.** Orð til umhugsunar var í umsjón Ernu Ingvarsdóttur. Hún sagði okkur frá bók sem heitir Veldu en hún er þannig að maður velur sér kafla til að lesa eftir því hvernig liggur á manni. Erna las kaflann um fyrirgefningu en öll gerum við mistök á lífsleiðinni. Þá er best að fyrirgefa sjálfum sér og læra af mistökunum. Fyrirgefning er best manni sjálfum.
 6. **Fréttir af starfi.** Fréttir af starfi í umsjón Margrétar varaformanns.
- Vorráðstefna verður í Borgarnesi - Nokkrar systur úr Epsilondeild ætla að fara á ráðsstefnuna en hún verður haldinn þann 20. apríl nk. Þar er boðið upp á mjög metnaðafulla dagskrá og áhuginn er mikill. Hægt er að bjóða með sér kollega eða vini utan samtakanna. Margrét hvatti okkur til að hafa samband við fólk sem hefði áhuga á að vera með en þannig verða samtökin sýnilegri og hafa enn meiri áhrif á menntamál.
- Margrét þakkaði svo kærlega fyrir góðan fund í Þorlákskirkju 13. mars sl. Og þakkaði þeim systurum sem skipulögðu hann en það voru Ester, Sigríður Guðna, Ingibjörg, Ásgerður, Sigríður Munda og Berglind. Eins og við heyrðum í fundagerðinni þá var AlmaDís með alveg frábært erindi um safnafræðslu.

Margrét minnti á að næsti fundur okkar er aðfundur Epsilondeildar en hann verður í Hveragerði þann 2. maí. Margrét biður Hveragerðiskonur. Ernu, Veru, Margréti ísaks, Margréti Magnúsd. Guðríði Aa. Gunnvöru, Hörpu, Guðlaugu, Elínu og Ingibjörgu Inga að skoða fundarstað og jafnvel fundarefni en á aðalfundi verður kosið um nýjan formann og stjórn. Þær sem ganga úr stjórn eru Guðríður Egilsdóttir form. Guðrún Sigríks ritari og Ester Hjartardóttir meðstjórnandi.

Uppstillinganefnd (Margrét, Bolleta, og Vera) hafa tilnefnt og talað við G.Ásgerði Eiríksdóttur, Guðlaugu Jónsdóttur og Hörpu Björnsdóttur um að vera í næstu stjórn Epsilondeildar 2024-2026 ásamt þeim Margréti og Eydísí Kötlu sem sitja áfram í stjórn og hafa þær allar samþykkt það. Ef einhverjar athugasemdir eru gerðar við þessar tilnefningar þá biður Margrét ykkur um að senda tölvupóst á Guðríði formann fyrir 20. apríl nk.

Vefstjórn okkar hún Sigríður Guðna biður systur um að fara yfir félagatal Epsilondeildar á heimasíðu samtakanna og fara vel yfir þær upplýsingar sem eiga við hverja og eina, tryggja að símanúmer, netföng, starfsheiti séu rétt skráð. Það vantar myndir fyrir einhverjar og hún biður þær sem vantar myndir að senda henni þær í tölvupósti.

7. Önnur mál. Önnur mál voru í umsjón Gammadeildar. Hrefna Sigurjónsdóttir þakkaði fyrir boðið á þennan fund og talaði sérstaklega um hve Skyrsafnið væri skemmtilegt, kallaði það falda perlu. Ingibjörg Einarisdóttir tók svo við en hún stýrði Stóru upplestrarkeppninni í 25 ár en sú keppni er nú alfarið í höndum sveitarfélaganna. Ingibjörg stjórnar núna Litlu upplestrarkeppninni en sú keppni er haldin í 4. bekk um allt land. Ingibjörg sýndi okkur dæmi um talkórinn en þá lesa börn saman texta í mismunandi stórum hópum. Fengum við að æfa okkur og höfðum gaman að. Lásun við Fuglaþulu eftir Krisján Hreinsson en hann er nokkurs konar hirðskáld hjá Litlu upplestrarkeppninni.

8. Happdrætti. Happdrættið var á sínum stað og nú var það gestur úr Gammadeild sem fékk vinninginn.

Eftir fund sem var slitið kl 20:30 var borðað saman í Tryggvaskála áður en heim ver haldið eftir góða nærveru við hverja aðra og gesti okkar úr Gammadeild.

Ritari fundarins: Guðrún Sigríks